

## Stjórnarfundur 11 þriðjudaginn 1. mars 2016 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.



Mætt; Jason Ívarsson, Stefán Jóhannesson, Árni Jón Eggertsson, Kristján Geir Guðmundsson, Steinn Einarsson, Sigurbjörn Árni Arngrímsson í síma.

*Afboð og mættu ekki: Hrafnhildur Theódórsdóttir, Brynja María Ólafsdóttir.*

### Dagskrá

- **Fjármál**
- **Bikarkeppnin, umgjörð og skipulag**
- **Ítalíuferðin**
- **Úrslitakeppni og Sporttv**
- **Ársþing**
- **EM/HM í vor**
- **NEVZA fundur í apríl**
- **Önnur mál**

### Fundargerð

#### Fjármál

Farið yfir drög að ársreikningi og lítur hann ágætlega út. Vinna við hann er þó enn eftir og síðan er hann sendur til Endurskoðenda BLÍ

#### Bikarkeppnin

Undirbúningur gengur ágætlega, félög eru þó ekki klár til að sjá um leikina og er unnið að því. Gæsla verður í Höllinni og búnir til passar fyrir liðin, starfsmenn og fjölmiðla.

#### Ítalíuferðin

Stefán ræddi ferðina sem framundan er og tjáði stjórn frá mikilvægi verkefnisins. Verið er að athuga hvort Sporttv fari með í ferðina en þó verða að koma inn sér tekjur vegna þess.

#### Úrslitakeppnin og Sporttv

Grétar og Simmi hjá Sporttv vilja fá umboð til að sjá alfarið um útsendingar á Sporttv. Nokkur umræða var um beiðnina og ákveðið að veita þeim leyfi til þess og útbúa samning milli BLÍ og SportTv og kynna það rækilega.

#### Ársþing BLÍ

Dagsetning var ákveðin fyrir ársþing BLÍ þann 4. júní nk. Þingboð verður sent út fyrir 4. maí til aðila að BLÍ.

#### EM/HM í vor

Lítilega var rætt um mótið í vor. Grétar verður í forsvari fyrir framkvæmdanefndina og er verið að klára skipan í nefndina. Hótelgisting er klár fyrir liðin á meðan á mótinu stendur frá 19. til 23. maí.

#### NEVZA fundur í apríl

Komið er boð á tæknifund NEVZA í Kaupmannahöfn 8. og 9. apríl nk. Beðið er um að formaður sambandsins mæti á fundinn ásamt mótastjóra. Þá er framkvæmdastjórum boðið að koma á fundinn. BLÍ

fær ferðastyrk vegna fundarins að upphæð 600 Evrur. Ákveðið var að senda formann og framkvæmdastjóra BLÍ á fundinn.

**Önnur mál**

Engin önnur mál voru rædd

*Fundi slitið klukkan 18:30*

*Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð.*